

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 157/1985 fyrir heilbrigðiseftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar, samkvæmt 5. gr. 6. tl. laga nr. 109/1984.

1. gr.

Upphæð eftirlitsgjalda samkv. 4. gr. verði sem hér segir:

1. flokkur	kr. 4 000,00
2. flokkur	kr. 8 000,00
3. flokkur	kr. 15 000,00
4. flokkur	kr. 25 000,00

2. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórnnum á svæði Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar að höfðu samráði við svæðisnefnd heilbrigðiseftirlits staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað viðkomandi til eftirbreytni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. janúar 1986.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

22. janúar 1986

Nr. 37

REGLUGERÐ

um stjórn mjólkurframleiðslunnar verðlagsárið 1985–1986.

1. gr.

Merking orða er í reglugerð þessari sem hér segir:

Mjólkurframleiðandi er hver sá, sem á eigin vegum hefur með höndum mjólkurframleiðslu til afhendingar í afurðastöð, hvort sem er einstaklingur, lögaðili, aðili að félagsbúi eða ríkisbúi.

Búmark er viðmiðunartala afurðaeininga, sem ákveðin er með reglugerð nr. 465/1983 og skv. lögum nr. 46. 27. júní 1985.

Fullvirðismark mjólkur er það hlutfall af búmarki í mjólk, sem búmarkssvæði er reiknað á grundvelli samnings skv. a-lið 30. gr. l. nr. 47. 27. júní 1985.

Fullvirðisréttur er það framleiðslumagn, sem framleiðandi afhendir til sölu í afurðastöð og honum er ábyrgt fullt verð fyrir skv. reglugerð þessari.

Ærgildisafurð er afurðaeining. Ein ærgildisafurð telst vera 16,8 kg af dillakjöti og tilsvarendi verðmæti í kjöti af fullorðnu fé, eða 174 lítrar af mjólk.

2. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar miðast við verðlagsárið 1985–1986, þ. e. tímabilið 1. september 1985 til 31. ágúst 1986. Á því tímabili skulu mjólkurframleiðendur fá greitt fullt grundvallarverð fyrir 107 000 000 -eitt hundrað og sjö milljónir- lítra mjólkur, eins og verðið er ákveðið af verðlagsnefnd búvara á hverju verðtímabili. Miðað er við innvegna mjólk til mjólkurbúa, sem skipt er á milli mjólkurframleiðenda eftir ákvæðum þessarar reglugerðar.